




## Reglubundið viðhald dráttarvéla Gátlisti og tímasetningar

Í hefðbundnum búrekstri eru dráttarvélar að jafnaði stærsta fjárfestingin hvað varðar einstakar búvélar. Rekstrinum er að sjálfsögðu ætlað að standa undir fjárbindingunni og skila arði. Það gefur því auga leið að til að ná því markmiði er rétt notkun vélanna og reglubundið viðhald afar mikilvægt. Forsenda þess að halda vélunum í skikkanlegu ástandi er að fylgja tilteknum vinnulagi og tileinka sér rétt vinnubrögð.

Hluta af reglubundnu viðhaldi geta menn framkvæmt sjálfir en aðra þætti verður að fá unnið á verkstæði. Reglubundið viðhald getur í megin dráttum litið út eins og fram kemur í eftirfarandi umfjöllun.

1. Fylgja þarf leiðbeiningabókinni varðandi smurning, eftirlit með olíu, síuskipti og þar fram eftir götunum. Góð vinnuregla er að færa dagbók þar sem fram kemur bæði dagsetning og staða vinnustundamælis þegar aðgerðin er framkvæmd. Góð viðbót er að skrá aðgerðir á verkstæðum, ástæður, tímafjöld og verð. Með því móti fæst gott yfirlit um viðhaldskostnað vélanna.
2. Gæta þarf þess að ljósabúnaður sé ávallt í lagi og eiga að jafnaði til varaperur og öryggi í rafbúnaðinn. Varasamt getur verið að bæta við auka ljósabúnaði án samráðs við fagmenn þar sem mikill hluti búnaðarins í vélinni er rafstýrður.
3. Tryggja þarf að hemlabúnaður sé í lagi, speglar heilir og rúður séu hreinar því að oft er það forsenda þess að hægt sé að fylgjast nægilega vel með vinnutækjum. Athugandi er hvort bæta þurfi hlífar yfir hjólbörðum til að draga úr óhreinindum á vélinni.
4. Forðist allan glannaskap við notkun vélanna. Virðið allar öryggisreglur bæði hvað varðar vélar og mannskap. Það er engin ástæða til að ganga með offorsi til verka.
5. Fara þarf með varúð þegar um er að ræða þungaflutninga að nægilegur þungi hvíli á hjólum með hemla- og stýrisbúnað.
6. Athugið að margar dráttarvélar má ekki “draga í gang” vegna þess að þá er ekki olíuþrýstingur á girkassanum. Einnig er rétt að vekja athygli á að sumar tegundir dráttarvéla má alls ekki draga t.d. á verkstæði af sömu ástæðu.

Eftirlitsþættir	Eftirlitstímabil/ vinnustundir						
	10	50	250	500	1000	2000	4000
1. Athuga olíuhæð á mótör og aðvörunarljós	X						
2. Athuga kælivatn á vatnskassa	X						
3. Athuga með leka á olíu og kælivatni	X						
4. Smyrja þríengibeisli og dráttarkrök		X					
5. Smyrja hemlabúnað		X					
6. Smyrja framás		X					
7. Athuga olíuhæð í gírkösum og vökvakerf		X					
8. Hreinsa gatasigti í loftinntaksopi		X					
9. Athuga strekkingu á kílreimum		X					
10. Athuga skilvindu fyrir vatn		X					
11. Athuga hæðarstöðu vökva í rafgeymi		X					
12. Hreinsa loftsíu mótors			X				
13. Smyrja allar dyra- og gluggalamir			X				
14. Skipta um mótórolíu of síur			X				
15. Smyrja framdrifsöxul			X				
16. Skipta um þrýstisíur í vökva-/drifkerfi			(X)				
17. Athuga stöðu vökva í hemla- og kúplingskerfi			X				
18. Hreinsa síubúnað í miðstöðvarkerfi			X				
19. Athuga þrýsting í hjólbörðum og felgurær			X				



Eftirlitsþættir	Eftirlitstímabil/ vinnustundir						
	10	50	250	500	1000	2000	4000
20. Hreinsa vatnsskilvindu				X			
21. Athuga fríhlaup á kúplingspetal				X			
22. Skipta um þrýstisúur í vökva-/drifkerfi				X			
23. Smyrja framdrifsöxul				X			
24. Skipta um olíu og síur í vökvakerfi/gírkössum					X		
25. Skipta um olíu á framöxli					X		
26. Skipta um síu í miðstöð og og hringrásarkerfi					X		
27. Skipta um eldsneytisú					X		
28. Skipta um öryggissúur					X		
29. Smyrja legur í afturás.							
30. Smyrja startkransinn á svinghjólinu					X		
31. Athuga hjólastillingu					X		
32. Hreinsa eldsneytisgeymi					X		
33. Athuga stillingu á motorventlum					X		
34. Hreinsa kælikerfið						X	
35. Skipta um hemla- og kúplingsvökva						X	
36. Athuga kælikerfi á gírkössum						X	
37. Yfirfarið stillingu á mótordísnum (innspýtingu)						X	
38. Yfirfarið alternator (rafal)						X	
39. Yfirfarið startara						X	
40. Yfirfarið turbínubúnað							X
41. Yfirfarið höggdeyfara á lyftum							X

Bútæknideild Rala 2004-04-23

Grétar Einarsson.

Heimild: Jörn Manniche og Birger Rasmussen, 1997. Traktor og motorlære. Landbrugets Rådgivningscenter, Landbrugsforlaget Danmörku.